

Tillaga um breytingar frá eldra réttindakerfi yfir í nýtt réttindakerfi.

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs haldinn 29. apríl 2015 samþykkir, með breytingum á samþykktum sjóðsins, að breyta réttindakerfi hans þannig að ávinnsla réttinda taki mið af ávöxtun sjóðsins á hverjum tíma í stað réttindatöflu með fastri ávinnslu m.t.t. aldurs. Ársfundurinn samþykkir að hið nýja kerfi skuli tekið upp frá og með 1. janúar 2016. Vegna þess millibilsástands sem skapast frá ársfundi þar til hið nýja kerfi er tekið upp samþykkir ársfundurinn eftirfarandi:

Frá ársfundi sjóðsins 29. apríl 2015 til loka árs 2015 gilda ákvæði eldri samþykka þ.m.t. um réttindaávinnslu og lífeyrisúrskurði, með þeirri undantekningu að ákvæði 17.2 um verðtryggingu réttinda, skal ekki gilda á því tímabili. Þannig skulu áunnin úrskurðuð réttindi, bæði þau sem áunnin eru 30. apríl 2015 og fyrr og þau sem ávinnast frá 1. maí 2015 til 31.12.2015 skulu ekki verðtryggð og því ekki taka breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs á þessu tímabili þ.e. frá 1. maí 2015 til 31. desember 2015.

Í árslok 2015 skal umreikna áfallin úrskurðuð réttindi í eldra kerfi yfir í réttindi (iðgjaldasjóði) í nýju kerfi, miðað við réttindi sjóðfélaga þann 31.12.2015. Umreikningurinn skal gerður í samræmi við tillögu tryggingingastærðfræðings sjóðsins. Við umreikninginn skal við það miðað að hlutdeild hvers árgangs í eignum sjóðsins (í formi iðgjaldasjóða) sé sú sama og hlutdeild viðkomandi árgangs í áföllnum úrskurðuðum réttindum miðað við eldra kerfi.